

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Örfirisey



<b>Dags eftirlits</b>	29.4.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	356850,845	409700,409

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við stöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Sest var yfir rekstrarhandbók og skráningar á fundi með Gestu og Gunnari Jónssyni. Farið var fram á að fá aðgang að skoðunarskýrslu á gufusöfnunartæki félagsins í Örfirisey. Skýrslan hefur verið send og þar kemur fram að losun rokgjarnra gufa frá bensíngeymum og áfyllingaplani fyrir bensín stenst kröfur í reglugerð nr. 252/1999 sem er 35/g/klst. Fram kemur í skýrslunni að standa þarf vel að viðhaldi búnaðarins og bent á að loki PCV221 á það til að standa á sér, öryggisloka á búnaðinum þarf að yfirfara og sannreyna að hann sé í samræmi við kröfur Vinnueftirlits ríkisins. Einnig er bent á að loftslöngur eru gamlar og farnar að fúna. Dælur farnar að eldast og gúmmíþéttingar trosna. CO mælir er aftengdur og kvarða þarf á HC mæli. Pi221 er óvirkt og og kvarða þarf PT101.

Fram kom að ný áhættugreiningu (COWI skýrsla) liggur fyrir eftir að etanólgeymi hefur verið komið fyrir í stöðinni og þróm skipt frekar upp. Farið var fram á að endurbætt viðbragðsáætlun, sem tekur mið af þessum breytingum í stöðinni, yrði send Umhverfisstofnun. Viðbragðsáætlunin hefur borist og samþykkir Umhverfisstofnun hana.

Íblöndun etanóls er hafin og hefur allur búnaður sem því fylgir verið löggiltur af Frumherja ehf. Gengið var um stöðina og breytingar skoðaðar. Vatnsúðakerfi hefur verið sett upp á aðliggjandi geyma og Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins hefur tekið breytingarnar út og æft hvernig bregðast skal við í nýjum aðstæðum.

Á fundinum með fulltrúum rekstraraðila var farið yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Tveir geymar hafa verið tæmdir, þrífir og botnþykktarmældir síðan síðast var komið í eftirlit, þ.e. bensíngeymir nr. T0109 og svartolíugeymir nr. T0170. Skráningar á eftirliti, viðhaldi og þjónustu við mengunarvarnir í stöðinni eru góðar.

Úrgangólúvinnsla er í stöðinni og Umhverfisstofnun hefur komið í sérstaka heimsókn og skoðað aðstæður við hana. Fyrir kemur að gamalt hráefni berist í vinnsluna og fylgir því stundum stæk lykt, jafnvel svo að nágrennar á Grandagarði hafa kvartað. Unnið er að aðgerðum til þess að draga úr lyktarmengun frá starfsemi og mun rekstraraðili senda stofnuninni samantekt á mótvægisáðgerðum og útskýringum sem dreifa má til fyrirtækja í nágrenninu.

Níttján birgðageymar eru í stöðinni og hafa allir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Þrýstiprófanir á lögnum fóru síðast fram árið 2013.

Olíuskiljur hafa verið þjónustaðar og mælast olíuleifar ekki í fráveitu stöðvarinnar þegar notað er olíupróf Macerey-Nagel. Sjálfvirkir skynjarar eru í frárennsli stöðvarinnar. Skynjist olía í frárennslinu lokast raflokar, dælur stöðvast og tilkynning berst vaktmanni og stöðvarstjóra um atburðinn. Olía á því ekki að geta borist í lagnakerfi borgarinnar né dælustöð við Ánanaust.

Rekstraraðili er með umhverfisstjórnunarkerfi ISO14001, ásamt ISO9001 gæðastjórnunarkerfi og ISO18001 öryggisstjórnunarkerfi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi.

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd er gerð við stöðina.

## ANNAÐ

Senda skal samantekt á aðgerðum vegna tilfallandi lykt frá starfsstöðinni.

Reykjavík, 06.05.2015



---

Gottskálk Friðgeirsson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.